

Sp.

62. Tillaga til þingsályktunar

[57. mál]

um athugun á öryggismálum Íslands.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Stefán Gunnlaugsson, Eggert G. Þorsteinsson, Sigurður E. Guðmundsson, Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela utanríkismálanefnd að gera ýtarlega athugun á öryggismálum Íslands. Nefndin skal meðal annars athuga:

- 1) Gildi varnarsamtaka Atlantshafsbandalagsins fyrir öryggi Íslands.
 - 2) Gildi Íslands innan þessara varnarsamtaka.
 - 3) Áhrif hinnar miklu aukningar á flotastyrk stórvelda á Norður-Atlantshafi á stöðu Íslands og nágranna þess.
 - 4) Viðhorf næstu nágrannaþjóða til eftirlitsstöðvanna á Íslandi með sérstöku tilliti til Grænlands, Færeyja og Noregs.
 - 5) Gildi radarstöðva og orrustuflugsvéitar á Íslandi fyrir öryggi landsins og varnarkerfið í heild.
 - 6) Starf varnarliðsins með tilliti til hlutverka þess.
 - 7) Móguleika Íslendinga til að taka meiri þátt í eftirlitsstarfi yfir Atlantshafi, a. m. k. yfir landgrunninu eða að 100 mílna mengunarlögsögu.
 - 8) Kostnað við varnir landsins og efnahagslega þýðingu þeirra fyrir Íslendinga.
- Utanríkismálanefnd er heimilað að ráða starfslið til að vinna að rannsókn þessari og senda fulltrúa til næstu landa til gagnasöfnunar. Nefndin skal gera ýtarlega skýrslu um öll þessi mál og leggja hana fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Sú stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, að varnarliðið skuli hverfa af landi burt á næstu 3—4 árum, hefur beint athygli þjóðarinnar mjög að öryggismálum, og hafa risið um þau miklar deilur.

Það hefur vakið athygli, að ríkisstjórnin telur sig ekki hafa þær upplýsingar um öryggismálin, að hún geti um þau rætt við aðrar þjóðir, enda þótt hún hafi þegar ákveðið stefnuna á þessu sviði. Mun ríkisstjórnin nú vinna að rannsókn þessara mála. Er ekkert vitað um þá rannsókn, hverjir hana annast eða hvernig hún fer fram — nema hvað ráðherranefnd, harla einkennilega saman sett fyrir þessi mál — virðist eiga að fjalla um þau.

Þar eð öryggismál landsins verða mjög til umræðu næstu ár og taka verður örlagaríkar ákvarðanir um þau, er augljós þörf á mun meiri upplýsingum en almenningur hefur hingað til átt kost á. Þess vegna virðist eðlilegt, að Alþingi taki þessi mál til meðferðar og láti fram fara í utanríkismálanefnd ýtarlega athugun á þeim. Löggjafarþing þjóðarinnar á ekki að láta við það sitja að bíða eftir niðurstöðum, leynilegrar rannsóknar á vegum ríkisstjórnarinnar. Þingið á að kynna sér slík mál á sjálfstæðan hátt, áður en ákvarðanir eru teknar, og veita þjóðinni hlutdeild í slíkri rannsókn.

Í utanríkismálanefnd eiga fulltrúar allra flokka sæti. Þar geta öll sjónarmið komið fram, og er því enginn aðili eðlilegri til að láta fram fara þá rannsókn, sem hér er gerð tillaga um. Nefndin getur rætt við innlenda menn og útlenda, leitað álits sérfræðinga og leikmanna og sent undirnefndir í heimsóknir til næstu landa, ef þess verður talin þörf.

Árangur þessarar athugunar ætti að verða ýtarleg skýrsla, sem birt yrði almenníngi. Þar ætti fyrst og fremst að draga saman allar þær upplýsingar, sem nefndarmenn telja máli skipta. Þessar upplýsingar eiga að gera bæði nefndarmönnum og allri þjóðinni auðveldara að móta sér skoðanir á öryggismálunum.